**ANDLEGT ÞJÓÐARRÁÐ BAHÁ'ÍA Á ÍSLANDI**
THE NATIONAL SPIRITUAL ASSEMBLY OF THE BAHÁ'ÍS OF ICELAND

**Alþingi**
**Erindi nr. Þ** 135/873
**komudagur** 10. 12. 2007

**Nefndasvið Alþingis**
**Austurstræti 8-10**
**150 Reykjavík**

*Efni:*
*Umsögn um frumvarp til laga um tæknifrjóvgun,*
*183. mál, stofnfrumurannsóknir.*

7. desember 2007

Andlegt þjóðarráð bahá'ía á Íslandi þakkar bréf yðar frá 13. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um um tæknifrjóvgun, 183. mál, stofnfrumurannsóknir. Því miður virðist bréfið hafa misfarist í pósti en það barst okkur 5. desember.

Ráðið þakkar sérstaklega fyrir þau vinnubrögð að fá enn á ný tækifæri til umsagnar um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna enda er um að ræða mikil álitamál sem mikilvægt verður að fylgjast með og skoða nánar eftir því sem þróun og reynslu vindur fram.

Við teljum ekki rétt að leggjast gegn þeim rannsóknum sem lagðar eru til í frumvarpinu á þessu stigi málsins, hvað sem síðar kann að gerast þegar meiri reynsla liggur fyrir. Andlega þjóðarráðið sér því ekki ástæðu til fara fram á neinar breytingar á frumvarpinu.

Fyrir hönd Andlegs þjóðarráðs
bahá'ía á Íslandi

Inga Daníels

Ingibjörg Daníelsdóttir, ritari

Öldugata 2 – Pósthólf/P.O. Box: 536 – 121 Reykjavík
Sími/Telephone: + 354 - 567-0344 – Netfang/E-mail: nsa@bahai.is